

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Sunnusjóð til stuðnings fjölfötluðum.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sunnusjóður til stuðnings fjölfötluðum, með lögheimili í Reykjavík. Sunnusjóður var upprunalega stofnaður af hjónunum Ingibjörgu Guðmundsdóttur (f. 5. október 1911 - d. 14. apríl 1994) og Sverri Sigurðssyni (f. 10. júní 1909 - d. 9. mars 2002) með stofnskrá sem undirrituð var af þeim 22. desember 1983.

Markmið sjóðsins er að bæta aðstæður til kennslu og þjálfunar fjölfatlaðra á grunnskólastigi óháð búsetu og skólasókn. Ennfremur er það markmið sjóðsins að stuðla að áframhaldandi líkamlegum og andlegum þroska þessara einstaklinga eftir brautskráningu þeirra af grunnskólastigi.

#### 2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Klettaskóla sem tekið hefur við hlutverki Safamýrarskóla sem upphafleg stofnskrá var miðuð við. Umsýsla um fjármuni sjóðsins skal vera í höndum stjórnar sem skólastjóri Klettaskóla skipar.

#### 3. gr.

Stofnfé sjóðsins við stofnun sjóðsins var kr. 50.000,00 - fimmtíu þúsund krónur. Höfuðstóll sjóðsins er nú kr. 10.000.000, tíu milljónir króna. Höfuðstóll þessi skal vera óskertur, en vöxtum af honum ásamt síðari fjárfamlögum til sjóðsins skal árlega varið til kaupa á náms- og þjálfuntækjum handa fjölfötluðum og/eða til að bera hluta af kostnaði af menntun kennara og annars starfsliðs í sérhæfðum aðferðum við kennslu og þjálfun fjölfatlaðra samkvæmt viðmiðum sem stjórn ákveður og birtir. Hliðstæðan stuðning er heimilt að veita stofnunum og heimilum sem þjóna fjölfötluðum nemendum á grunnskólastigi og/eða taka við þeim eftir brautskráningu af grunnskólastigi.

#### 4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á hagkvæman og tryggan hátt sem stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma.

#### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn skipaðir til þriggja ára í senn af skólastjóra Klettaskóla. Skal einn stjórnarmaður vera úr hópi kennara fjölfatlaðra við Klettaskóla annar skal vera úr hópi foreldra fjölfatlaðra að fengnum tillögum foreldrafélags Klettaskóla, og þriðji samkvæmt tilnefningu erfingja stofnenda Sunnusjóðs, Ingibjargar Guðmundsdóttur og Sverris Sigurðssonar. Stjórnin skiptir með sér verkum. Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma, skipar menntmálaráðherra stjórnarmenn.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins kemur saman þegar þörf krefur og fjallar um tillögur og umsóknir um styrkveitingar úr sjóðnum. Stjórnin skal halda gerðabók um ákvarðanir stjórnar og úthlutanir úr sjóðnum.

#### 7. gr.

Sjóðstjórn semur reikninga sjóðsins árlega. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Reikningar skulu sendir til ríkisendurskoðunar í samræmi við reglugerð nr. 140/2008.

#### 8. gr.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum stjórnar sjóðsins. Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt vegna breytinga á fyrirkomulagi kennslu og þjálfunar fjölfatlaðra. Slíkar breytingar skulu háðar samhljóða samþykkt stjórnar sjóðsins og skólastjóra Klettaskóla - eða í stað hans menntamálaráðherra hafi skólinn verið lagður niður. Breytingar skulu staðfestar af embætti sýslumannsins á Sauðárkróki, sbr. reglugerð nr. 140/2008 skv. lögum nr. 19/1988.

Nr. 248

4. mars 2013

9. gr.

Verði á einhverjum tíma talið að ekki sé lengur þörf fyrir starfsemi sjóðsins samkvæmt markmiðum í 1. gr. þessarar skipulagsskrár skulu Sunnusjóður og eignir hans færðar Rannsóknamiðstöð Íslands til stuðnings rannsóknum á málefnum fjölfatlaðra undir umsjón vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs. Skal vísindanefndin þá skipa sjóðnum fagráð til að meta faglega umsóknir í sjóðinn. Eigi má skerða verðgildi höfuðstóls sjóðsins sem þá er afhentur Rannsóknamiðstöð Íslands.

10. gr.

Með gildistöku þessarar nýju skipulagsskrár fellur úr gildi eldri skipulagsskrá fyrir Sunnusjóð til hjálpar fjölfótluðum börnum, nr. 182/1984.

11. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, sbr. reglugerð 140/2008 skv. lögum nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 4. mars 2013,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

*Lára Kristín Gísladóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 18. mars 2013